


✉ Re: 1810136 - Auglýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðabyggðar. Tillaga send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

| | |
|-----------|---|
| Búið til | 8.11.2021 15:25:17 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 8.11.2021 15:25:16 |
| Tilheyrir |  202109-0029 - Auglýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðarbyggðar |

Efni

Re: 1810136 - Auglýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðabyggðar. Tillaga send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 8.11.2021 15:25:16 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | valur@fjardabyggd.is, skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is |

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0029 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Fjarðabyggð, dags. 23. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Fjarðabyggðar sem hefur verið auglýst sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um tillöguna þegar hún var á vinnslustigi, þann 31. mars 2021 og verður vísað í þá umsögn hér eins og við á.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir auglýsta tillögu og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Varðandi skipulagsáform um vegagerð er m.a. gert ráð fyrir nýjum jarðgöngum sem liggja um Mjóafjörð. Mat á umhverfisáhrifum á eftir að fara fram en mat á verndargildi birkiskóga í Mjóafirði liggur ekki fyrir að fullu. Þá liggur væntanlegur nýr vegur í Fáskrúðsfirði um svæði tilnefnt fyrir B-hluta Fáskrúðsfjörður | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/au-faskrudsfordur>).

Fyrri athugasemdir varðandi áform um aukna skógrækt eru ítrekaðar en í umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillöguna segir: „Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við áætlun um skógrækt sem felur í sér skörun við náttúruverndarsvæði s.s. aðrar náttúruminjar á núgildandi náttúruminjaskrá og svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013). Dæmi um þetta eru Sandfell í Fáskrúðsfirði og votlendi (>2 ha) við Brekkuborg í Breiðdalsvík. Hjá Skógræktinni er nú unnið að skilgreiningu og kortlagningu á sérstæðum og vistfræðilega mikilvægum birkiskógum skv. 61. gr. nvl. og því er ekki ljóst hver skörun nýrra skógræktarsvæða í Fjarðabyggð er við slík svæði sem skulu njóta verndar. Þá er vitað að umfangsmikil skógrækt breytir vistkerfum og ásjúnd lands.“ Og „Náttúrufræðistofnun vill benda á að binding kolefnis er virk í vel grónu landi og að taka þarf tillit til verndargildis vistgerða þar sem ráðgert er að rækta skóg. Jafnframt verði samhliða skoðaðir aðrir valkostir við að fylgja markmiðum stjórnvalda um kolefnisjöfnun.“

Eftir að ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 tóku gildi snemma í haust hefur tilkynningarskylda skógræktaráforma breyst. Einungis nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis er nú tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og C-flokkur hefur verið felldur út úr lögnum. Þess vegna er enn brýnna að tryggt sé við leyfisveitingar á minni skógræktaráformum að horft sé til verndargildis þess svæðis sem taka á undir skógrækt.

Fyrri athugasemdir um áhrif stækkunar Mjóeyrarhafnar á friðlýsta svæðið Hólmanes eru ítrekaðar: „Stækkun Mjóeyrarhafnar til austurs verður til þess að einungis eru um 600 m frá hafnarsvæðinu í friðlandið Hólmanes og því má gera ráð fyrir að höfnin komi til með að hafa veruleg áhrif á hljóðvist, loftgæði, náttúruminjar og ásjúnd svæðisins. Náttúrufræðistofnun bendir á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið og fólkvanginn Hólmanes (vefur UST <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/holmanes/>) (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/holmanes/>) þar sem vitnað er í Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 um að Hólmanes sé ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og að ekki sé gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar. Jafnframt kemur fram að í deiliskipulagi sé það markmið Fjarðabyggðar að auka gildi svæðisins fyrir almenning og stuðla að aðgengi fyrir alla. Náttúrufræðistofnun telur að verulega sé þrengt að friðlandinu Hólmanesi með stækkun Mjóeyrarhafnar til austurs og að hún komi til með að skaða gildi útivistarsvæðisins.“

Náttúrufræðistofnun gerir áfram athugasemdir við nýjar setnámur í sjávarhjöllum og árfarvegum en eins og í fyrri umsögn sagði þá er „jarðgrunnur Austurlands því miður lítt rannsakaður, en kortlagðar hafa verið fornar strandlínur, sjávarhjallar og jökulgarðar sem mynduðust í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 10.000 árum. Slíkar jarðminjar frá lokum ísaldar hafa víða á Íslandi orðið fyrir óafturkræfu raski og jafnvel horfið með öllu vegna efnistöku. Sýnt hefur verið fram á að efnistaka í árfarvegum getur valdið miklum skaða á lífríki og jafnvel stuðlað að rofi ef efnistaka er meiri en geta straumvatnsins er til efnisflutninga og endurnýjunar árbots.“ Tryggja þarf við framkvæmdir og rekstur efnistökusvæða að forðast sé óþarfa rask.

Sömuleiðis eru ábendingar um náttúruvernd ítrekaðar og sveitarstjórn Fjarðabyggðar hvött til að nýta sér tækifæri til svæðisbundinnar verndar þar sem ástæða þykir til m.a. með hverfisvernd. Þannig má tryggja betur markmið sem koma fram í greinargerð um verndun mikilvægra vistkerfa t.d. grunnsævis og fjara en eins og segir á bls. 23 þá eru „grunnsævi og fjörur mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir fiskungviði og því mikilvægt að tryggja að búsvæði þar raskist ekki og tegundafjölbreytni verði við haldið“. Í þessu samhengi ítrekar Náttúrufræðistofnun að hún hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrá, fjörusvæði með hátt verndargildi t.d. fjörupolla við Dalatanga sem hafa hátt verndargildi meðal fjöruvistgerða (<https://www.ni.is/greinar/au-dalatangi>) (<https://www.ni.is/greinar/au-dalatangi>)), klóþangsfjörur við Vattarnes sem eru forgangsvistgerð (<https://www.ni.is/greinar/au-vattarnes>) (<https://www.ni.is/greinar/au-vattarnes>)) og í Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfjörður | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/au-faskrudsfordur>). Sömuleiðis eru átta alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði innan Fjarðabyggðar, sjá http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Þeirra er nú getið í skipulagsgögnum sem er jákvætt. Þá eru ótalin mörg merk jarðfræðisvæði, svæði fágætra plöntutegunda o.fl.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Valur Sveinsson" <valur@fjardabyggd.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Hafðís Hafliðadóttir - SLS" <Hafdis.Hafliadottir@skipulag.is>; "Sveinn Sveinsson - VG" <sveinn.sveinsson@vegagerdin.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "minjastofnun@minjastofnun.is" <minjastofnun@minjastofnun.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "almannavarnir@logreglan.is" <almannavarnir@logreglan.is>; "postur@byggdastofnun.is" <postur@byggdastofnun.is>; "na@na.is" <na@na.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "ssa@ssa.is" <ssa@ssa.is>; "austurbru@austurbru.is" <austurbru@austurbru.is>; "austur@bondi.is" <austur@bondi.is>; "laufeys@postur.is" <laufeys@postur.is>; "east@east.is" <east@east.is>; "nattaust@gmail.com" <nattaust@gmail.com>; "uar@uar.is" <uar@uar.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Kristinn Á. Þorsteinsson" <kiddi@fjardabyggd.is>; "steinunn.fjola.sigurdardottir@uar.is" <steinunn.fjola.sigurdardottir@uar.is>; "magnus.baldursson@uar.is" <magnus.baldursson@uar.is>; "soley.valdimarsdottir@mulathing.is" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>; "Málfríður K Kristiansen" <Malfridur.K.Kristiansen@skipulag.is>

CC:

Subject: 1810136 - Auglýsing á endurskoðuðu aðalskipulagi Fjarðabyggðar. Tillaga send til umsagnar hjá umsagnaraðilum

Date: 23.9.2021 11:24:04

Sæl öll

Tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 hefur nú verið auglýst sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hér með er tillagan send umsagnaraðilum til umsagnar. Öll gögn tillögunnar eru aðgengileg á <https://fjardabyggd.alta.is/> (<https://fjardabyggd.alta.is/>)

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040, tillaga

Á fundi sínum þann 16. september sl. samþykkti bæjarstjórn Fjarðabyggðar að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna, m.a. um landnotkun, byggðáþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Þess vegna er mikilvægt að íbúar og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta kynni sér efni tillögunnar vel.

Tillagan er aðgengileg á vef sveitarfélagsins, www.fjardabyggd.is (<http://www.fjardabyggd.is>), á bæjarskrifstofum að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði og í þjónustugáttum bókasafna. Tillagan er sett fram í greinargerð, á 9 skipulagsuppráttum og 5 þemauppráttum, auk umhverfis- og forsenduskýrslu. Öllum er boðið að senda inn skriflegar athugasemdir við efni tillögunnar, í síðasta lagi þann 8. nóvember 2021. Athugasemdir skal senda á netfangið skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is (<mailto:skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is>) eða með bréfpósti til Umhverfis- og skipulagssviðs, bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð. Bæjarstjórn mun fjalla um allar athugasemdir og svara þeim skriflega.

Yfirlit yfir helstu breytingar frá gildandi skipulagi er að finna í umhverfis- og forsenduskýrslu.

Tillagan er auglýst í samræmi við ákvæði 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Kveðja Valur Sveinsson



FJARÐABYGGÐ

Valur Sveinsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
valur.sveinsson@fjardabyggd.is
(<mailto:valur.sveinsson@fjardabyggd.is>)

Þú ert á góðum stað



Fjarðabyggð +354 470
9061

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð
www.fjardabyggd.is
(<http://www.fjardabyggd.is/>)

Fyrirvari/legal disclaimer (<http://www.fjardabyggd.is/fyrirvari>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image004.jpg (2 KB)

image001.png (6 KB)

image002.png (12 KB)